

Málefni: Umsögn, tillaga til þingsályktunar 160. mál

Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar (þingskjal 160) um aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum.

Rannís fagnar þessu frumkvæði flutningsmanna og bendir af þessu tilefni á eftirfarandi atriði.

Rannsóknir á norðurslóðum hafa fengið aukið vægi í alþjóðlegri umræðu undanfarin ár og tengist það ekki síst losun gróðurhúsalofttegunda, hnattrænum umhverfisbreytingum (gróðurhúsaáhrifum) og áhrifum þeirra á svæðinu. Þessi þróun felur m.a. í sér miklar breytingar á loftslagi með hækkandi hitastigi, bráðnun íss, hækkun sjávarborðs og súrnun sjávar. Spár vísindamanna gera ráð fyrir hækkun meðalhita sem nemur um 4° C fyrir árið 2100 á heimsvísu (sjá skýrslu Millirikjanefndar um loftslagsbreytingar, 2007)¹, en hækkun hitastigs á stórum hluta norðurslóða gæti orðið enn hærri eða allt að 11° C². Ef þessar spár ganga eftir hafa þessar breytingar í för með sér bráðnun hafiss og jökla, breytingar á veðurfari (t.d. úrkomu og vindum) og hækkun sjávarborðs sem gæti numið allt að 1 metra fyrir árið 2100³. Áhrif sumra þessara umhverfisbreytinga eru það djúpstæð að þeim má líkja við hægfara náttúruhamfarir með tilheyrandi og stundum ófyrirséðum áhrifum á samfélagið. Þær mælingar sem gerðar hafa verið á veðurfari eftir að fyrstu spár vísindamanna voru settar fram hafa staðfest spámar⁴ og í sumum tilvikum hefur hlýnun veðurfars orðið meiri en spáð var.⁵

Hér á landi er mikil þörf á rannsóknum sem geta legið til grundvallar aðlögun samfélagsins að verðandi loftslagsbreytingum og snúa þær einkum að þeim hraðfara breytingum sem nú eiga sér stað á norðurslóðum. Til að meta aðlögunarþörf í samfélaginu þarf að vera ljóst hversu mikilla loftslagsbreytinga er að vænta, hver áhrifin á náttúrukerfi verða og loks hver áhrif loftslagsbreytinga og annarra meðfylgjandi náttúrubreytinga verði á samfélagið (efnahag og þjóðlíf í viðum skilningi). Allir þessir þættir eru óvissu háðir, í sumum tilvikum er þó óvissan betur þekkt en í öðrum. Eftirlit með náttúrukerfum er því nauðsynlegt til að geta lagt mat á breytingar og áhrif þeirra á samfélagsleg kerfi.

¹ IPCC, 2007: Summary for Policy Makers. Í bókinni: Climate Change 2007 The Physical Science Basis. Contribution of Working Group I to the Fourth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change [Solomon ofl. (ritstj)] Cambridge University Press.

² Corell R. A Rapidly Changing Arctic: Implication of Governance Across the Globe. Fyrirlestur á vegum Rannís og Háskóla Íslands, 15. febrúar 2011.

³ IPCC, 2007.

⁴ Halldór Björnsson. Er loftslag að breytast? Merkjanlegar breytingar. Veðurstofa Íslands, 2009.

⁵ IPCC, 2014: Climate Change Synthesis Report



Það er því mjög brýnt að efla enn frekar rannsóknir á loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra. Í kjölfar þeirrar vitneskju sem þær rannsóknir myndu afla hefðu stjórnvöld vísindalegan grundvöll til að gera viðbragðsáætlun gagnvart umræddum loftslagsbreytingum.

Varðandi aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum er mikilvægt að litið sé til alþjóðlegs samstarfs vísindamanna á þessu sviði. Rannís á aðild að Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndin (IASC) sem sameinar opinberar stofnanir og samtök á sviði norðurslóðavísinda frá 23 ríkjum og er langmikilvægasti alþjóðlegi samstarfsvettvangurinn fyrir rannsóknir og vöktun á norðurslóðum. Á vettvangi IASC starfar sérstakur vinnuhópur um hafvísindi sem leggur m.a. áherslu á rannsóknir á súrnun sjávar. Með stuðning ríkisstjórnar Íslands hefur Rannís boðið IASC að skrifstofur samtakanna verði fluttar til Akureyrar. Ef af yrði myndi samstarf við IASC skrifstofuna á Akureyri geta auðveldað öflun upplýsinga og myndað tengsl við fremstu vísindamenn á þessu sviði.

Rannís á gott samstarf við Vísinda- og tækniráð, en það markar stefnu stjórnvalda á sviði vísinda- og tæknimála í því skyni að treysta stöðir íslenskrar menningar og samkeppnishæfni atvinnulífsins. Rannís hefur umsjú með samkeppnissjóðum eins og Rannsóknasjóði og Tækniþróunarsjóði. Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnámi hér á landi. Tillagan miðar að því að festa í sessi og efla ákveðnar rannsóknir, en í því tilfalli er ekki ráðlegt að byggja á samkeppnisfjármagni, þó samkeppnisfé geti orðið mikilvæg viðbót ef svo ber undir, því er mikilvægt að leggja til sérstök framlög og leggja áherslu á að unnið sé í víðtæku alþjóðlegu samstarfi.

Varðandi umfjöllun í greinargerð tillögunnar er rétt að taka fram að súrnun sjávar er afleiðing af losun koldíoxíðs á heimsvísu. Aðgerðir gegn súrnun sjávar verða því fyrst og fremst að miðast við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda jafnt hér á landi sem og á heimsvísu.

Rannís vill vekja athygli á skörun við tillögu til þingsályktunar um stofnun loftslagsráðs (þingskjal 131), það kann að vera kostur að fjalla um þessar tillögur saman.

Virðingarfyllt

Hallgrímur Jónasson,

Forstöðumaður Rannís